

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. október 2009
Tilvísun: UST20090900101/ksj

Þeistareykjavirkjun. Allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar sky. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir en vísar að öðru leyti í umsögn um drög að tillögu að matsáætlun Þeistareykjavirkjunar.

Svæðin austan Bóndhólsskarðs


Í umfjöllun um aðdraganda virkjunaráforma á Þeistareykjasvæðinu kemur fram að ofangreint jarðhitasvæði er talið vera eitt af þremur stærstu jarðhitasvæðum á Norðurlandi, og hefur víðáttumikið svæði verið tekið frá sem orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum. Umhverfisstofnun bendir á að þegar komið er upp Bóndhólsskarð tekur hásléttan Þeistareykjabunga við sem er lítt snortið svæði án sýnilegra mannvirkja. Borteigar sem áætlaðir eru austan Bóndhólsskarðs myndu hafa mikil sjónræn áhrif á víðfeðm svæði, að Gæsafjöllum og Þórunnarfjöllum og að líkindum enn lengra. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sjónræn áhrif og önnur umhverfisáhrif af virkjunaráformum austan Bóndhólsskarðs verði skoðuð sérstaklega.

Jarðhitakerfi og orkuforði

Í fyrri umsögnum hefur Umhverfisstofnun bent á mikilvægi þess að strax frá upphafi virkjunar verði gerð grein fyrir förgun affallsvatns, og hefur stofnunin talið djúpförgun eftirsóknaverða. Í tillögu að matsáætlun Þeistareykjavirkjunar kemur fram að: „*Losun í jarðhitageyminn getur minnkað þrýstifall í honum og þar með lengt líf hans. Hins vegar getur niðurrennsli í geyminn einnig stuðlað að kælingu og skert nýtingu hans. Þess vegna þarf að fá reynslu af rekstri jarðhitasvæðisins áður en farið er út í að losa allt affallsvatn í jarðhitageyminn.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að reiknað sé með förgun affalls frá upphafi, sér í lagi vegna náttúruverndarhagsmuna, og ef að reynsla af rekstri þarf áður en djúpförgun geti hafist, að að gerð sé grein fyrir með hvaða hætti förgun affallsvatns verður þar til umrædd reynsla fæst af rekstri jarðhitasvæðisins.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri